# Svör til Skipulagsstofnunar 4

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>;Arnór Þórir Sigfússon <> |
| **Frá** | : | Anna Ingvarsdóttir <ai@verkis.is> |
| **Heiti** | : | Svör til Skipulagsstofnunar 4 |
| **Málsnúmer** | : | 202309058 |
| **Málsaðili** | : | Nordur PTX Reykjanes ehf. |
| **Skráð dags** | : | 21.12.2023 00:00:00 |
| **Höfundur** | : | Anna Ingvarsdóttir <ai@verkis.is> |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll

Lóðin er skv. deiliskipulagi 6,8 ha. Flatarmál svæðis sem verkmiðjan þarf er um 1,5 ha.
Það má því gera ráð fyrir að raskað hraun verði um **2 ha**.

**Kveðja, Anna**
Efnaverkfræðingur | Chemical engineer

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS
**Sent:** fimmtudagur, 21. desember 2023 13:31
**To:** Anna Ingvarsdóttir ; Arnór Þórir Sigfússon
**Subject:** Lóð gasverksmiðju

Sæl

Getið þið upplýst mig um hversu mikið af hrauni er talið að raskist á lóð verksmiðjunnar við Reykjanes? Ég finn þetta ekki í umhverfismatsskýrslunni.

Kveðja,

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

# Svör til Skipulagsstofnunar 3

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>;Arnór Þórir Sigfússon <> |
| **Frá** | : | Anna Ingvarsdóttir <ai@verkis.is> |
| **Heiti** | : | Svör til Skipulagsstofnunar 3 |
| **Málsnúmer** | : | 202309058 |
| **Málsaðili** | : | Nordur PTX Reykjanes ehf. |
| **Skráð dags** | : | 18.12.2023 00:00:00 |
| **Höfundur** | : | Anna Ingvarsdóttir <ai@verkis.is> |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll Sigurður,

- Áætlað er að dagsframleiðsla verði um 42.200 kg/dag, miðað við fulla vinnslu.
- Það gefur 2 til 3 gáma á dag af lokaafurð (það fer eftir hve mikið einn gámur getur tekið, en það ekki nákvæmlega ljóst að svo stöddu)
- Áformað er að keyra gámunum burt af framleiðslusvæðinu til hafnar jafnóðum svo að geymsla á svæðinu verður í lágmarki.
- Það verða fullir gámar geymdir á höfninni en siglt verður 1x í viku.

Þannig það eru 2 til 3 ferðir sem gámabíll keyrir daglega frá verksmiðju að höfn (og svo til baka).

**Kveðja, Anna**
Efnaverkfræðingur | Chemical engineer

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS
**Sent:** mánudagur, 18. desember 2023 10:43
**To:** Arnór Þórir Sigfússon ; Anna Ingvarsdóttir
**Subject:** Metan Rnesi - Flutningur afurða til hafnar

Sæll

Getið þið gefið okkur einhverja hugmynd um umfang flutninga með fullunnar afurðir milli verksmiðju og útskipunarhafnar? Hver er ca. stærðargráða flutninga?

Kveðja,

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

# Svör til Skipulagsstofnunar 2

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is> |
| **Frá** | : | Arnór Þórir Sigfússon <ats@verkis.is> |
| **Heiti** | : | Svör til Skipulagsstofnunar 2 |
| **Málsnúmer** | : | 202309058 |
| **Málsaðili** | : | Nordur PTX Reykjanes ehf. |
| **Skráð dags** | : | 06.12.2023 00:00:00 |
| **Höfundur** | : | Arnór Þórir Sigfússon <ats@verkis.is> |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll
Já þeir voru haldnir. Við vorum í Grindavík 6. nóvember og í Reykjanesbæ þann 7. nóvember. Þeir voru ekki fjölsóttir, í Grindavík kom einn gestur og það var slökkviliðsstjórinn. Hann ræddi aðallega brunamál en verksmiðjan er samt ekki á hans yfirráðasvæði. Í Reykjanesbæ komu tveir gestir sem við höfðum boðið sérstaklega, en það var framkvæmdastjóri Stolt Seafarm og fulltrúi frá Laugafiski. Þetta eru nágrannar fyrirhugaðrar verksmiðju. Engar sérstakar athugasemdir komu fram. Við buðum einnig Bláa lóninu að koma en enginn kom frá þeim.
Áttu von á að Grindavíkurbær sendi eitthvað ?

Kveðja

Arnór

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS
**Sent:** miðvikudagur, 6. desember 2023 10:12
**To:** Arnór Þórir Sigfússon
**Subject:** Vetni og metan

Sæll
Mér láðist að spyrja þig um kynningarfundi. Voru þeir haldnir (hvar og hvenær)? Og kom eitthvað sérstakt fram á þeim?

Kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

## Svar til Skipulagsstofnunar 1

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>;Anna Ingvarsdóttir <ai@verkis.is> |
| **Frá** | : | Arnór Þórir Sigfússon <ats@verkis.is> |
| **CC** | : | Egill Þórarinsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>;Dieter Hauser <dieter.hauser@swissgreengas.com> |
| **Heiti** | : | Svar til Skipulagsstofnunar 1 |
| **Málsnúmer** | : | 202309058 |
| **Málsaðili** | : | Nordur PTX Reykjanes ehf. |
| **Skráð dags** | : | 21.11.2023 00:00:00 |
| **Höfundur** | : | Arnór Þórir Sigfússon <ats@verkis.is> |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll Sigurður
Takk fyrir póstinn. Við funduðum með Dieter Hauser frá SGGI nú í dag um þær athugasemdir sem komnar eru inn. Við erum að útbúa töflu með svörum okkar við þeim sem við sendum á þig um leið og þau eru tilbúin. Svo tökum við athugasemdir sem eiga eftir að berast þegar þær koma. Veistu með Hafró, ætla þau að senda athugasemdir?

Varðandi atburði síðustu daga og hvort ástæða er til að setja málið í bið eins og þú segir þá ræddum við það á fundinum. Afstaða framkvæmdaaðila er sú að halda málinu áfram eins og áætlað var. Ef aðstæður breytast seinna þá myndum við takast á við það og þá hvaða leiðir væru fýsilegar og hverjar yrðu fyrir valinu. Ef það myndi leiða til frekari málsmeðferðar eins og matsskyldufyrirspurnar þá yrði sú leið farin. En að óbreyttu þá er vilji rágjafa og framkvæmdaaðila að halda áfram ferlinu og ljúka því á árinu eins og þú stefnir að.

Bestu kveðjur

Arnór

**Arnór Þórir Sigfússon**
Dýravistfræðingur Ph.D. | Animal Ecologist Ph.D.
+354 422 8466 | +354 843 4924 | ats@verkis.is

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavik | +354 422 8000 | www.verkis.is | Disclaimer

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS
**Sent:** þriðjudagur, 21. nóvember 2023 08:45
**To:** Arnór Þórir Sigfússon ; Anna Ingvarsdóttir
**Cc:** Egill Þórarinsson - SLS
**Subject:** Metan og vetni Reykjanesi

Sæl Arnór og Anna
Neðangreindar umsagnir bárust á tilsettum tíma. Þær eru frá:

- Reykjanesbæ dags. 10. nóvember 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja 15. nóvember 2023
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (brunavarnasviði) 17. nóvember 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 17. Nóvember 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands 16. Nóvember 2023

- Vinnueftirliti ríkisins dags. 17. febrúar (barst 17. október) 2023

Því er við að bæta að Veðurstofan hefur sent okkur póst og sagt að ekki væri unnt að senda umsögn vegna anna. Umsögn Umhverfisstofnunar er væntanleg seinni hluta vikunnar. Annað er óljóst.

En vegna atburða við Svartsengi og Grindavík er ástæða til að hugleiða hvort og þá hvernig tilhögun framkvæmdarinnar breytist vegna breyttra aðstæða. Það er vitaskuld ávallt þannig að taki framkvæmdir breytingum eftir að málsmeðferð á grundvelli laga um umhverfismat er lokið þá þarf að skoða hvort hefja þurfi málsmeðferð að nýju. Mögulega með matsskyldu fyrirspurn eða jafnvel umhverfismati.
Því er spurt hver afstaða ykkar ráðgjafa og framkvæmdaraðila er til framhald vinnunnar. Viljið þið að við höldum áfram með ferlið eins og ekkert hafi í skorist eða viljið þið að við dokum við eða setjum málið í biðstöðu þar til málin hafa skýrst?

Það væri kærkomið að heyra afstöðu ykkar áður en lengra er haldið.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

**Sigurður Ásbjörnsson**
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun